



E F N I S Y F I R L I T

Hestamannafélög og formenn.....	I
Stjórn L.H.....	VI
Stjórn íþróttaráðs L.H.....	VII
Félagsfjöldi innan L.H. 1983-1984...	VIII
Dagskrá 35. ársþings L.H. 1983.....	X
Tillögur til ársþings 1984.....	XI
Fundargerð 35.ársþings 1984.....	1
Helstu samþykktir ársþings 1984.....	15
Kosningar og þingslit.....	22

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA 1985 - 1986

Formaður: Stefán Pálsson, Hrauntungu 54, 200 Kópavogur
símar: 91-43078 (h), 91-25600 (v)

Framkv.stj.: Sigurður Ragnarsson, Leirutanga 33, 270 Varmá
sími: 91-666757 (h)

Skrifstofa: Snorrabraut 54, 105 Reykjavík
sími: 91-29099, (eftir lokun skiptiborðs 91-29976)

Tímarit L.H.: Hesturinn Okkar
Fulltrúi ritnefndar: Valdimar Kristinsson
Skrifstofa L.H., Snorrabraut 54, 105 Reykjavík
sími: 91-29099, 91-666753 (h).

Póstáritun: Landssamband hestamannafélaga
Snorrabraut 54,
105 REYKJAVÍK

Aðildarfélög: 46, heildarfjöldi félaga 7083

Hestamannafélagið ANDVARI, Garðabæ, félagar 136

Formaður: Elísabet Dóroldsdóttir, Móaflöt 13, 210 Garðabæ
sími: 91-42361

Hestamannafélagið BLAKKUR, Strandasýslu, félagar 50

Formaður: Jón Stefánsson, Broddanesi I, 510 Hólmavík
sími: 95-3346

Hestamannafélagið BLÆR, Norðfirði, félagar 45

Formaður: Sigurður Sveinbjörnsson, Hlíðargötu 6, 740 Neskaupstað
sími: 97-7310 (h), 97-7242 (v)

Hestamannafélagið DREYRI, Akranesi, félagar 200

Formaður: Sigurður Guðmundsson, Jaðarsbraut 39, 300 Akranesi
símar: 93-1424 (h), 93-1555 (v)

Hestamannafélagið FÁKUR, Reykjavík, félagar 806

Formaður: Valdimar Jónsson, Giljaseli 4, 109 Reykjavík
símar: 91-73845 (h), 91-86666 (v)

Skrifstofa: Félagsheimili Fáks við Elliðaár, sími: 91-30178

Framkvæmdastj.: Örn Ingólfsson

Hestamannafélagið FAXI, Borgarfirði, félagar 245

Formaður: Jón Pétursson, Geirshlíð, 311 Borgarnes
sími: 93-5195 (h)

Félag Tamningamanna, félagar 88

Formaður: Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, Keldnakoti, 825 Stokkseyri
sími: 99-3267

Hestamannafélagið FEYKIR, félagar 59

Formaður: Halldór Gunnarsson, Lundi, N-Ping., 671 Kópasker
sími: Um Húsavík (41111)

Hestamannafélagið FREYFAXI, Héraði, félagar 233

Formaður: Jóhanna Kristjánsdóttir, Stóra - Sandfell, 701 Egilsstaðir
sími: 97 - 1758 (h), 97 - 1785 (v)

Hestamannafélagið FUNI, Eyjafirði, félagar 71.

Formaður: Jónas Vigfússon, Litla - Dal, 601 Akureyri
sími: 96-31283 (h).

Hestamannafélagið GEYSIR, Rangárvallasýslu, félagar 366

Formaður: Eggert Pálsson, Kirkjulæk, Rang. 801 Selfoss
Sími: 99-8330

Hestamannafélagið GLAÐUR, Dalasýslu, félagar 133.

Formaður: Kristján Jónsson, Hólum, Hvammsveit, 371 Búðardalur
sími: 93-4274 (h)

Hestamannafélagið GLÓFAXI, VOPNAFIRÐI, félagar 41

Formaður: Ómar Björgólfsson, Steinholti 10, 690 Vopnafjörður
sími: 97-3397 (h), 97-3122 (v)

Hestamannafélagið GLÆSIR, Siglufirði, félagar 81.

Formaður: Sverrir Jónsson, Laugavegi 38, 580 Siglufjörður
sími: 96 - 71726 (h)

Hestamannafélagið GNÝFARI, Ólafsfirði, félagar 62.

Formaður: Árni Samundsson, Hlíðarvegi 69, 625 Ólafsfjörður
sími: 96-62369

Hestamannafélagið GOÐI, Fáskrúðsfirði, félagar 40.

Formaður: Sigurbjörn Friðmarsson, Skólavegi 83, 750 Fáskrúðsfjörður
símar: 97-5389 (h), 97-5249 (v)

Hestamannafélagið GRANI, Húsavík, félagar 92

Formaður: Sigurður Jónsson, Fossvöllum 21, 640 Húsavík
sími: 96-41351

Hestamannafélagið GUSTUR, Kópavogi, félagar 351

Formaður: Einar Bollason, Hlíðarvegi 38, 200 Kópavogur
sími: 91-43420
skrifstofa: Glaðheimar, pósthólf 201 Kópavogi
framkv.stj., sími 91-43610

Hestamannafélagið HÁFETI, Þorlákshöfn, félagar 71

Formaður: Svanur Kristjánsson, Klébergi 7, 815 Þorlákshöfn
símar: 99-3767 (h), 99-3801 (v)

Hestamannafélagið HORNFIÐINGUR, Hornafirði, félagar 135

Formaður: Guðmundur Jónsson, Bogaslóð 12, 780 Höfn
sími: 97-8134

Hestamannafélagið HRINGUR, Dalvík, félagar 112

Formaður: Rafn Arnbjörnsson, Öldugötu 3, 620 Dalvík
sími: 91-61358

Hestamannafélagið HÖRÐUR, Kjósarsýslu, félagar 325

Formaður: Aðalsteinn Þorgeirsson, Markholt 15, 270 Varmá
sími: 91-666460

Hestamannafélagið KINNSKÆR, A - Barðastrandarsýslu, félagar 44

Formaður: Ingi Garðar Sigurðsson, Tilraunastöðinni Reykhólum
sími: 93-4714 380 Króksfjarðarnes

Hestamannafélagið KÓPUR, V - Skaftafellssýslu, félagar 113

Formaður: Jón Jónsson, Prestsbakka, 880 Kirkjubæjarklaustri
sími: 99-7754

Hestamannafélagið LÉTTFETI, Sauðárkróki, félagar 163

Formaður: Sveinn Guðmundsson, Suðurgötu 6, 550 Sauðárkrókur
símar: 95-5192 (h), 95-5200 (v)

Hestamannafélagið LÉTTIR, Akureyri, félagar 315

Formaður: Jón Ó. Sigfússon, Grundargerði 2 B, 600 Akureyri
sími: 96-23435 (h)
Skrifstofa: Skipagötu 12
sími: 96-26163 fimmtudaga 5-6

Hestamannafélagið LJÚFUR, Hveragerði, félagar 78

Formaður: Halldór Guðmundsson, Hvammi, Ölfushreppi, 801 Selfoss
sími: 99-4430

Hestamannafélagið LOGI, Biskupstungum, félagar 128

Formaður: Kristinn Antonsson, Fellskoti, 801 Selfoss
sími: 99-6816

Hestamannafélagið MÁNI, Keflavík, félagar 131

Formaður: Jóhannes Sigurðsson, Lyngholti 21, 230 KEFLAVÍK
sími: 92-2221, 92-2621

Hestamannafélagið NEISTI, Blönduósi, félagar 96

Formaður: Grímur Gíslason, Garðabyggð 8, 540 Blönduós
símar: 95-4245, (h), 95-4200 (v)

Hestamannafélagið ÖÐINN, A-Húnavatnssýslu, félagar 50

Formaður: Guðmundur Valtýsson, Eiríksstöðum, Bólstaðarhl. hr.
sími: 95-7154 541 Blönduós

Hestamannafélagið SEYÐUR, Seyðisfirði, félagar 20

Formaður: Ísleifur Ástþórsson, Dalbakka 9, 710 Seyðisfjörður
símar: 97-2438 (h), 97-2336 (v)

Hestamannafélagið SINDRI, V-Skaftafellssýslu, félagar 165

Formaður: Hermann Árnason, Stóru - Heiði, 870 Vík
sími: 99-7265

Hestamannafélagið SLEIPNIR, Selfossi og nærsveitum, félagar 302

Formaður: Sveinn Sigurmundsson, Þorleifskoti, Hraungerðishreppi
símar: 99-2161, 99-81266 801 Selfoss

Hestamannafélagið SMÁRI, Hreppum og Skeiðum, félagar 270

Formaður: Sigfús Guðmundsson, V - Geldingaholti, 801 Selfoss
sími: 99-6055

Hestamannafélagið SNARFARI, Skagaströnd, félagar 46

Formaður: Jón S. Pálsson, Túnbraut 9, 545 Skagaströnd
sími: 95-4713

Hestamannafélagið SNEFAXI, Þórshöfn og nágr., félagar 62

Formaður: Ragnar M. Sigfússon, Gunnarsstöðum, 681 Þórshöfn
sími: 96 - 81258

Hestamannafélagið SNEFELLINGUR, Snæfellsnesi, félagar 234

Formaður: Ragnar Jónatansson, Laufási 8, 360 Hellissandur
sími: 93-6730

Hestamannafélagið STIGANDI, Skagafirði, félagar 188

Formaður: Sigurður Ingimarsson, Flugumýri, 551 Sauðárkrókur
sími: 95-6257

Hestamannafélagið STORMUR, Vestfjörðum, félagar 120

Formaður: Bragi Björgmundsson, Heiðarbrún 10, 415 Bolungarvík
sími: 94-7416

Hestamannafélagið SVADI, Hofsósi, félagar 66

Formaður: Gísli Sverrir Halldórsson, Kirkjugötu 13, 565 Hofsósi
sími: 95-6382

Hestamannafélagið SÖRLI, Hafnarfirði, félagar

Formaður: Pjetur N. Pétursson, Kársnesbraut 57, 200 Kópavogi
símar: 91-45959 (h), 91-20110 (v)

Hestamannafélagið TRAUSTI, Laugardal, Árnessýslu, félagar 114

Formaður: Sigurður Gunnarsson, Bjarnastöðum, Grímsneshreppi
sími: 99-6445 801 Selfossi

Hestamannafélagið ÞJÁLFI, S-Þingeyjarsýslu, félagar 138

Formaður: Þórhildur Sigurðardóttir, Haga II, Aðaldal, 641 Húsavík
sími: 96-43520

Hestamannafélagið ÞRÁINN, Grenivík, félagar 67

Formaður: Sigurður Helgason, Grund, 601 Grenivík
sími: 96-33180

Hestamannafélagið ÞYTUR, V-Húnavatnssýslu, félagar

Formaður: Guðmundur Sigurðsson, Garðavegi 24, 530 Hvammstangi
sími: 95-1408 (h), 95-1455 (v)

Dómarafélag L.H. (aukaaðild að L.H.), félagar

Formaður: Jón Guðmundsson, Lyngbrekku 5, 200 Kópavogur
sími: 91-41346

Íþróttaráð L.H. (aukaaðild að L.H.) félagar

Formaður: Hallgrímur Jóhannesson, Lyngholt 19, 230 Keflavík
sími: 92-3131 (h), 91-26054

FÉLAGAFJÖLDI HESTAMANNAFÉLAGANNA SAMKV. UPPGJÖRI TIL L.H.

	1984	1983	1982	1981
Andvari	136	91	105	(102)
Blakkur	50	51	51	(52)
Blær	41	35	29	(29)
Dreyri	200	220	210	(154)
Fákur	876	958	983	(1065)
Faxi	245	245	271	(255)
Félag tamningamanna	86	81	62	(56)
Feykir	59	61	61	(52)
Freyfaxi	213	149	146	(167)
Funi	71	69	90	(68)
Geysir	380	367	344	(359)
Glaður	94	136	133	(113)
Glófaxi	39	?	25	(55)
Glæsir	94	94	103	(103)
Gnýfari	60	60	101	(62)
Goði	40	40	42	(22)
Grani	92	94	85	(84)
Gustur	351	362	394	(353)
Háfeti	76	76	97	(103)
Hornfirðingur	150	150	160	(165)
Hörður	325	290	270	(260)
Hringur	113	110	110	(106)
Kinnskær	44	42	40	(30)
Kópur	107	107	105	(104)
Léttfeti	157	152	151	(132)
Léttir	315	317	334	(308)
Ljúfur	78	92	81	(77)
Logi	128	128	125	(115)
Máni	185	130	160	(165)
Neisti	97	98	97	(103)
Oðinn	61	63	61	(54)
Seyður	20	20	20	(20)
Sindri	161	165	153	(165)
Sleipnir	291	291	304	(291)
Smári	268	241	240	(224)
Snarfari	46	48	48	(47)
Snæfaxi	63	79	75	(76)

	1984	1983	1982	1981
Snæfellingur	234	253	220	(208)
Stigandi	183	184	182	(175)
Stormur	120	94	86	(92)
Svaði	(66)			
Sörli	290	270	266	(263)
Trausti	109	109	107	(103)
Þjálfí	132	133	149	(150)
Þráinn	67	61	51	(29)
Þytur	141	117	127	(131)
FÉLAGAR 1982 SAMKVÆMT				
UPPGJÖRI			7.054	(6.847)
Dómarafélag			192	(140)
	7.071	6.933	7.246	(6.987)

Á þessu blaði er rétt að minna á að nú er hafin tölvu-útskrift á félagaskrá hestamannafélaganna og því er mikilvægt að allar upplýsingar um félaga í hestamannafélögunum séu sem nákvæmastar og bestar.

Helstu upplýsingar eru:

Nafn, heimilisfang, nafnnúmer, sími, fæðingardagur og ár.

Í framtíðinni er gert ráð fyrir prentun límmiða og kvittana fyrir hestamannafélögin sem þess óska, en auk þess er hægt að tryggja að alltaf fáið rétt útskrift með því að senda skrifstofu L.H. félagatal a.m.k. einu sinni á ári.

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

SNORRABRAUT 54 — 105 REYKJAVÍK — SÍMI 2 90 99



35. ársþing L.H. 1984 haldið í Hafnarfirði
dagana 02. - 03. nóvember.

D A G S K R Á :

Föstudagur 02. nóvember:

Kl. 10:00 Þingsetning. Stefán Pálsson, formaður L.H.
Kjörbréfanefnd skilar álit. Tilnefning þingforseta.
Kosning ritara og teljara.
Ávarp gesta.
Skýrsla stjórnar.
Formaður L.H.
Gjaldkeri L.H.
Umræður um skýrslu stjórnar.
Tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.

Kl. 13:30 Umræður I.
Hestamennskan í næstu framtíð.
Fimm stutt framsöguverindi.
Umræða og fyrirspurnir.

Kl. 15:30 Kaffihlé.

Kl. 16:00 Umræður II.
Hrossarækt, staða og stefna.
Umræða og fyrirspurnir

Kl. 18:00 Nefndir hefja störf.

Laugardagur 03. nóvember

Kl. 09:00 Nefndir skila álit og umræður.

Kl. 12:00 Hádegisverður

Kl. 13:00 Fundi fram haldið

Kl. 15:30 Kaffihlé

Kl. 16:00 Kosningar: a) Formaður, meðstjórnandi, varastjórn
b) Endurskoðendur

Kl. 17:00 Þingslit.

Kl. 19:00 Hestamannafélagið Sörli býður upp á lystauka.

Kvöldfagnaður með borðhaldi og dansað á eftir.

Hestamannafélagið Sörli býður mökum þingfulltrúa og þeim gestum, er þess óska,
að fara í rútuför um Hafnarfjörð kl. 13:00 laugardag, undir leiðsögn heimamanns.

XI

Þskj.: Efní:

Flytjandi:

Nefnd:

- Um árgjald 1985 Stjórn L.H.
- Um framlag til reiðhalla 1985 Stjórn L.H.
- Um fjárhagsáætlun L.H. 1985 Stjórn L.H.
- Um endurskoðun álagningu árstíllaga Fákur
- Um ferðakostnað landsdómara Gæðinga og Unglingan.L.H.
- Um breytingu á einkunn í skeiði Gæðinga og Unglingan.L.H.
- Um ferðakostnað og nefndir Funi
- Um undanþágur frá skatti til L.H. Ljúfur
- Orðalagsbreyting v/unglingakeppni Gæðinga og Unglingan.L.H.
- Um breytingu á 17. gr. gæðingakeppni Sleipnir
- Um úthlutun og reglur á reiðvegafé Stjórn L.H.
- Ályktun um vegagerðarmál, reiðvegi Trausti
- Um alþjóðlega dómaraáðstefnu Félag Tamningamanna
- Um ábyrgð reiðkennara og skyldur Hringur
- Ályktun um upprekstur hrossa Faxi
- Um vörsluhólf og gjaldtöku Faxi
- Um breytingu á kappreiðareglum Mótanefnd L.H.
- Um mótisaga og kappreiðahald Mótanefnd L.H.
- Um fjórðungssýningar Sýningarnefnd L.H.-B.I.
- Um agareglur L.H. Aganefnd L.H.

Eftirtaldir nefndir starfa á þinginu:

Fjárhagsnefnd	Tilnefndir verða formenn nefnda, en
Mótanefnd	fulltrúum er frjálst að velja sér
Kynbótanefnd	nefndir. Nauðsynlegt er að hver nefnd
Fræðslunefnd	skipi sér ritara sem leggur fram um
Allsherjarnefnd	eiginlegt álit viðkomandi nefndar.
Gæðinga- unglinganefnd	

35. Ársþing L.H. haldið í Hafnarfirði 2. og 3. nóvember 1984.

Stefán Pálsson, formaður L.H. setti þingið kl. 10,15 og bauð alla velkomna. Hann minntist látinna félaga, þeirra Árna Þórðarsonar, skólastjóra, Guðlaugs Jónssonar, Vík, Gunnars Tryggvasonar frá Skraut-hólum og Arnar Ó. Johnson, forstjóra. Risu þingfulltrúar úr sætum í virðingu við hina látnu.

1. Kjörbréfanefnd skilaði þá álit sínu og talaði Ragnar Tómasson fyrir álit kjörbréfanefndar og kynnti fulltrúa, en þeir voru eftirtaldir:

1. Hestamannafélagið Andvari
 1. Andreas Bergmann
 2. Elísabet Þórólfsdóttir
2. Hestamannafélagið Blakkur
 3. Jón Stefánsson
3. Hestamannafélagið Blær
 4. Guðbjörg Friðjónsdóttir
4. Hestamannafélagið Dreyri
 5. Sigurður Guðmundsson,
 6. Valdimar Geirsson
 7. Samúel Ólafsson
5. Hestamannafélagið Fákur
 8. Valdimar Jónsson
 9. Sigurbjörn Bárðarson
 10. Birgir R. Gunnarsson
 11. Þorvaldur Þorvaldsson
 12. Ágir Jónsson
 13. Örn Ingólfsson
 14. Ragnar Tómasson
 15. Ragnar Petersen
 16. Guðm. Ólafsson
 17. Kristján Guðmundsson
 18. Kristbjörg Eyvindsdóttir
 19. Hjördís Björnsdóttir

6. Hestamannafélagið Faxi

20. Guðm. Sigurðsson
21. Sigurbjörn Björnsson
22. Guðrún Fjeldsted
23. Sigurður Halldórsson

7. Félag tæmningamanna

24. Viðar Halldórsson
25. Gunnar Arnarson

8. Hestamannafélagið Feykir

26. Halldór Gunnarsson

9. Hestamannafélagið Freyfaxi

27. Guðrún Gunnarsdóttir
28. Bergur Jónsson
29. Jón Bergsson

10. Hestamannafélagið Funi

30. Jónas Vigfússon

11. Hestamannafélagið Geysir

31. Ágúst Ingi Ólafsson
32. Sigurgeir Bárðarson
33. Kristinn Guðnason
34. Steinþór Runólfsson
35. Árni Jóhannsson
36. Sigurður Karlsson

12. Hestamannafélagið Gláður

37. Kristján Jónsson
38. Marteinn Valdimarsson

13. Hestamannafélagið Glófaxi

39. sendi ekki fulltrúa

14. Hestamannafélagið Glæsir

- 40.

15. Hestamannafélagið Gnýfaxi

41. Sig. Andrés Kristinsson

16. Hestamannafélagið Goði

42. sendi ekki fulltrúa

17. Hestamannafélagið Grani
 43. Vignir Sigurólason
 44. Björn Guðjónsson
18. Hestamannafélagið Gustur
 45. Einar Bollason
 46. Sigurður Þórhallsson
 47. Sigrún Sigurðardóttir
 48. Bergur Haraldsson
 49. Kári Arnórsson
19. Hestamannafélagið Háfeti
 50. Þorsteinn Guðnason
 51. Björn Arnoldsson
20. Hestamannafélagið Hornfirðingur
 52. Guðni Jónsson
 53. Þrúðmar Sigurðsson
21. Hestamannafélagið Hringur
 54. Rafn Arnbjörnsson
 55. Þorsteinn Stefánsson
22. Hestamannafélagið Hörður
 56. Aðalsteinn Þorgeirsson
 57. Guðm. Jónsson
 58. Þórður Axelsson
 59. Þorsteinn Aðalsteinsson
 60. Þorbjörg Gígja
23. Hestamannafélagið Kinnskær
 61. Ása B. Stefánsdóttir
24. Hestamannafélagið Kópur
 62. Gísli Kjartansson
 63. Jón Jónsson
25. Hestamannafélagið Léttfeti
 64. Friðrik Guðmundsson
 65. Ingimar Ingimarsson
 66. Sigurjón Gestsson

26. Hestamannafélagið Léttir
 67. Jón Ólafur Sigfússon
 68. Gunnar Egilson
 69. Björn Jónsson
 70. Hólmgeir Valdimarsson
 71. Guðm. Óskar Guðmundsson
27. Hestamannafélagið Ljúfur
 72. Halldór Guðmundsson
 73. Sigurbjörg Jóhannesdóttir
28. Hestamannafélagið Logi
 74. Kristinn Antonsson
 75. Ólafur Einarsson
29. Hestamannafélagið Máni
 76. Hallgrímur Jóhannesson
 77. Hákon Kristinsson
 78. Sæþór Fannberg
30. Hestamannafélagið Neisti
 79. Grímur Gíslason
 80. Þormar Kristjánsson
31. Hestamannafélagið Óðinn
 81. Guðm. Valtýsson
32. Hestamannafélagið Seyður
 82. Hjördís Gunnarsdóttir
33. Hestamannafélagið Sindri
 83. Sigurlaug Gunnarsdóttir
 84. Sigurbergur Magnússon
 85. Viðar Bjarnason
34. Hestamannafélagið Sleipnir
 86. Guðríður Valgeirsdóttir
 87. Gunnar B. Gunnarsson
 88. Birgir Guðmundsson
 89. Ólafur Einarsson

35. Hestamannafélagið Smári
90. Sigfús Guðmundsson
91. Haraldur Sveinsson
92. Sigurgeir Sigmundsson
93. Ástrún Davíðsson
36. Hestamannafélagið Snarfari
94. Gunnlaugur Sigmarsson
37. Hestamannafélagið Snæfaxi
95. Skúli Ragnarsson
38. Hestamannafélagið Snæfellingur
96. Högni Bæringsson
97. Ólafur Kristjánsson
98. Ragnar Ágústsson
99. Ragnar Hallsson
39. Hestamannafélagið Stigandi
100. Sigurður Ingimarsson
101. Grétar Geirsson
102. Skafti Steinbjörnsson
40. Hestamannafélagið Stormur
103. Bragi Björgmundsson
104. Rögnvaldur Ingólfsson
41. Hestamannafélagið Sörli
105. Pjetur N. Pjetursson
106. Garðar Halldórsson
107. Ólafur Pálsson
108. Ágúst Oddsson
42. Hestamannafélagið Trausti
109. Sigurður Gunnarsson
110. Sigurfinnur Vilmondarson
43. Hestamannafélagið Þráinn
111. Ásgeir Kristinsson
112.
44. Hestamannafélagið Þytur
113. Eggert Pálsson

45. Hestamannafélagið Svaði
114. Gísli Sverrir Halldórsson
46. Hestamannafélagið Þjálfí
115. Þórhildur Sigurðardóttir
116. Baldvin Baldvinsson
47. Dómarafélag L.H. (aukaaðild)
117. Jón Guðmundsson
48. Íþróttaráð L.H. (aukaaðild)
118. Guðmundur Jónsson
49. Stjórn L.H. sem ekki eru fulltrúar
119. Stefán Pálsson
120. Skúli Kristjánsson
121. Egill Bjarnason
122. Gísli B. Björnsson
123. Árni Guðmundsson
124. Sigurður Ragnarsson

Ennfremur eftirtaldir gestir, Jón Helgason, landbúnaðarráðherra, Jónas Jónsson, búnaðarmálastjóri, Þorkell Bjarnason, hrossaræktarráðunautur, Albert Jóhannsson, fyrrv. formaður L.H. og Steinn Gestsson, fyrrv. formaður L.H., sendi kveðjur til þingsins.

Álit kjörbréfanefndar var samþykkt.

Skipað í forseta- og trúnaðarstörf:

Þá tók til máls Stefán Pálsson, formaður og skipaði starfsmenn þingsins. Ólafur Pálsson, Sörli og Kári Arnórsson, Gusti voru skipaðir þingforsetar. Teljarar: Steinn Runólfsson, Geysi og Skafti Steinbjörnsson, Stíganda. Ritarar: Guðm. Jónsson, Herði, form., Elísabet Þórólfsdóttir, Andvara, Þorbjörg Gígja, Herði, Guðríður Valgeirsdóttir, Sleipni, Þórhildur Sigurðardóttir, Þjálfí, Halldór Gunnarsson, Þeyki, Árni Jóhannsson, Geysi, Grétar Geirsson, Stíganda og Eggert Pálsson, Þyt.

Ávörp gesta.

Þá kvaddi sér hljóðs Jón Helgason, landbúnaðarráðherra og flutti hann stutt ávarp.

Jónas Jónsson, búnaðarmálastjóri flutti ávarp og kveðjur Búnaðarfélags Íslands.

Albert Jóhannsson, fyrrverandi formaður L.H. flutti einnig ávarp og minntist hann margra ánægjustunda í starfi L.H. fyrr á árum.

2. Skýrsla stjórnar:

Stefán Pálsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar og vísast til prentaðrar Ársskýrslu L.H. 1983-1984.

Gísli B. Björnsson, gjaldkeri las upp reikninga og útskýrði þá. Reikningar eru birtir í heild í Ársskýrslu 1983-1984.

Þá var orðið gefið laust um skýrslu stjórnar.

Örn Ingólfsson kvaddi sér hljóðs og upplýsti að íþróttadeild Fákis hefði fengið aðild að Í.S.Í. og væru því 6 íþróttadeildir orðnar aðilar að íþróttasamtökunum í landinu. Einnig fann hann lítillega að orðalagi í ræðu formanns varðandi þetta mál.

Stefán Pálsson tók til máls og leiðrétti þann misskilning, sem Örn nefndi, ef einhver væri.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og voru skýrsla stjórnar og reikningar samþykkt samhljóða.

3. Tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.

Þingskjal 1. Um árgjald 1985, flytjandi stjórn L.H. vísað til fjárhagsnefndar.

Þingskjal 2. Um framlag til reiðhalla, flytjandi stjórn L.H. vísað til fjárhagsnefndar.

Þingskjal 3. Um fjárhagsáætlun L.H. 1985, flytjandi stjórn L.H. vísað til fjárhagsnefndar.

Þingskjal 4. Um endurskoðun álagningar árstíllaga, flytjandi Fákur, vísað til fjárhagsnefndar.

Þingskjal 5. Um ferðakostnað landsdómara, flytjandi Gæðinga- og unglinganefnd, vísað til fjárhagsnefndar.

Þingskjal 7. Um ferðakostnað og nefndir, flytjandi Funi, vísað til fjárhagsnefndar.

Þingskjal 8. Um undanþágur frá skatti til L.H., flytjandi Ljúfur, vísað til fjárhagsnefndar.

Þingskjal 9. Orðalagsbreyting v/unglingakeppni, flytjandi Gæðinga- og unglinganefnd L.H., vísað til Gæðinga- og unglinganefndar.

Þingskjal 10. Um breytingu á 17. gr. gæðingakeppni, flytjandi Sleipnir, fyrir tillögunni talaði Gunnar B. Gunnarsson, vísað til Gæðinga- og unglinganefndar.

Þingskjal 11. Um úthlutun og reglur á reiðvegafé, flytjandi stjórn L.H., vísað til Allsherjarnefndar.

Þingskjal 12. Ályktun um vegagerðarmál og reiðvegi. Flytjandi Trausti, vísað til Allsherjarnefndar.

Þingskjal 13. Um alþjóðlega dómaraáðstefnu. Flytjandi Félag tæmningamanna. Vísað til Fræðslunefndar.

Þingskjal 14. Um ábyrgð reiðkennara og skyldur. Flytjandi Hringur. Vísað til Allsherjarnefndar.

Þingskjal 15. Ályktun um upprekstur hrossa. Flytjandi Faxi. Vísað til Kynbótanefndar.

Þingskjal 16. Um vörzluhólf og gjaldtöku. Flytjandi Faxi. Fyrir tillögunni talaði Guðm. Sigurðsson. Vísað til Allsherjarnefndar.

Þingskjal 17. Um breytingu á kappreiðareglum. Flytjandi Mótanefnd L.H. Fyrir tillögunni talaði Hallgrímur Jóhannesson. Vísað til Mótanefndar.

Þingskjal 18. Um mótisdaga og kappreiðahald. Flytjandi Mótanefnd L.H. Fyrir tillögunni talaði Hallgrímur Jóhannesson. Vísað til Mótanefndar.

Þingskjal 19. Um fjórðungssýningar. Flytjandi Sýningarnefnd L.H. og B.Í. Fyrir tillögunni talaði Skúli Kristjánsson. Vísað til Kynbótanefndar.

Þingskjal 20. Um agareglur L.H. Flytjandi Aganefnd L.H. Vísað til Allsherjarnefndar.

Eftirtaldir nefndir störfuðu:

Fjárhagsnefnd, form. Birgir R. Gunnarsson.

Allsherjarnefnd, form. Þorvaldur Þorvaldsson

Gæðinga- og unglinganefnd, form. Sigrún Sigurðardóttir

Fræðslunefnd, form. Gunnar B. Gunnarsson

Kynbótanefnd, form. Þrúðmar Sigurðsson

Mótanefnd, form. Hallgrímur Jóhannesson.

Matarhlé.

Að loknu matarhléi hófust pallborðsumræður:

Umræður I.

Hestamennskan í næstu framtíð, stjórnandi Kristján Guðmundsson
Framsögumenn:

Hallgrímur Jóhannesson, Mána, Guðrún Fjeldsted, Faxa, Bjarni Sigurðsson F.T. og Gunnar Egilson, Létti. Hallgrímur tók fyrstur til máls.

Talaði hann vítt og breitt um hestamenskuna og aðstöðu hennar í þéttbýli og dreifbýli. Taldi hann miklar vonir bundnar við íslenska reiðskólann.

Guðrún talaði næst og taldi leggja beri áherslu á bætta reiðmennsku og ræddi tækifæri ungs fólks í hestamenskunni. Talaði hún einnig um afréttarmál, útflutning hrossa og taldi þar mætti margt betur fara. Fagnaði því að íslenskur reiðskóli væri í sjónmáli.

Bjarni Sigurðsson tók næstur til máls. Taldi hann okkur standa á krossgötum í hestamenskunni. Tæmningu þarf að efla, sem og kynbóta-starfið. Fræðslu- og kennslustarf þarf að auka og fagna þess hugmyndum um íslenskan reiðskóla og íslenska reiðhöll.

Gunnar Egilson var síðastur af frummælendum og rifjaði upp not okkar af hestinum á liðnum öldum. Fagnaði hugmyndum um íslenska reiðskólann og þar með eflingu á kennslu- og fræðslustarfi. Í þeim skóla verði tekið tillit til sérkenna íslenska hestsins. Áhrif frá erlendum reiðskólum hefur um margt verið okkur til góðs. Núverandi gæðingakeppni mun eiga eftir að breytast en keppnin sem slík má ekki niður falla. Vonaði Gunnar að hestaíþróttir eflist og dafni.

Nú leitaði Kristján Guðmundsson eftir fyrirspurnum og innleggi í umræður úr fundarsal. Leitaði þá eftir skoðun Gunnars á mótahaldi. Taldi Gunnar mótin þróað smátt og smátt í náinni framtíð. Þá svaraði Bjarni fyrirspurn frá Kristjáni Guðmundssyni. Hefur atvinnumennska orðið hvati eða dragbítur í hestamenskunni? Bjarni taldi að í framtíðinni yrði keppt í fleiri flokkum, þannig að hinn almenni hestamaður og atvinnumaður keppi ekki í sama flokki.

Sigurður Haraldsson spurði Bjarna hvort atvinnumenn geti skekkt dóm kynbótahrossa? Bjarni telur dómara eiga að sjá við slíku.

Sigurður Þórhallsson spurði Hallgrím hver hann álitir ný verkefni í starfsemi hestamannafélaga í framtíðinni.

Hallgrímur telur almenna fræðslu og jafnvel í samráði við æskulýðsfélög og ráð verkefni framtíðar.

Gísli B. Björnsson spyr hvort ráðgjöf verði á vegum félaganna um hestakaup og meðferð hesta?

Albert í Skógum spyr hvort erlend áhrif í reiðmennsku hafi vaxandi hlutverki að gegna?

Bragi Björgmundsson spurði Hallgrím um samskipti við Vegagerðina.

Hallgrímur svaraði því til að heimamenn í hverju héraði verði að sjá um að samningum sé framfylgt.

Skúli Kristjánsson spurði Guðrúnu, telur hún að slæga sé unnið að útflutningi hrossa?

Guðrún taldi að við ættum eftir að ná miklum markaði erlendis, en mörg ljón eru á veginum, sem sigrar yrði sem fyrst.

Hallgrímur taldi að hestamannafélög ættu ekki eftir að ráðleggja með hestakaup en aftur á móti meir um fóðrun og meðferð, sem svar við spurningu Gísla B. Björnssonar. Sem svar við spurningu Alberts, taldi hann að erlend áhrif ættu eftir að aukast.

Gunnar Egilson kom inn á erlend áhrif og tíundaði sérstöðu og grundvöll íslenska reiðskólans í samanburði við þann evrópska.

Bjarni Sigurðsson sagði fyrirspurn Gísla B. Björnssonar tilkomna vegna reynslu af þéttbýlissvæðum, þar sem þekkingarskortur er oft áberandi. Hann taldi að þetta gæti fyrst og fremst verið á valdi stærri félaganna. Hann kom einnig inn á erlend áhrif og aðstöðumun íslenskra og erlendra reiðmanna.

Bergur Haraldsson hjá Gusti talaði um kappreiðar hjá þeim í sumar er leið og hve stórt atriði er að viðhalda keppnisgleði keppendanna. Fóðurnefnd er hjá þeim í Gusti sem lítur til með fóðrun.

Útgjöld hestamanna eru mikil og hæg fjölgun mun verða í hestamenskun næstu árin.

Þróðmar Sigurðsson taldi að menn þyrftu að hafa meiri tíma til að sinna hrossum sínum en vinnuálag væri oft mikið við félagsstörf og mótahald.

Grímur Gíslason spurði, hvort ekki sé ástæða til að ræða beitarmál hrossa. Hann óttast að þjálfun hrossa á óvegi og það að ríða berbakt sé að glatast og sé það til skaða.

Örn Ingólfsson ræddi reiðskólann og hve brýnt verkefni hann væri. Hann taldi að styðja ætti við bakið á þeim, sem nú þegar reka slíkt í einhverri mynd og ekki ætti að fara af þessu þingi án þess að marka stefnu í þeim efnum.

Skúli Kristjánsson vildi taka undir orð Gríms um beitarmálefni. Hann taldi að um einhliða áróður gegn hrossabeit sé að ræða. Hann kom einnig inn á ýmsa ósiði sem sér sýndust nú vera tíðari á útreiðum en áður fyrr.

Ragnar Tómasson taldi að mun meiri áherslu verði að leggja á fræðslustarf. Hann taldi einnig að auka mætti mótahald og greinar, sem þar væri boðið upp á. Hann taldi "dressur" nauðvörn þeirra sem ríða brokkurum og við þyrftum ekki á því að halda.

Guðmundur Jónsson, Hornafirði, vildi spyrja að því hvort það væri grundvallaratriði að hross ælust upp á fjöllum.

Bergur Haraldsson fór með vísu eftir Jón í Skollagróf.

Kári Arnórsson bað menn um að geyma umræður um beit og kynbótamál, því þau væru á dagskrá síðar. Reiðskóla mætti ræða meira.

Birgir Gunnarsson renndi yfir starfsáætlun væntanlegrar reiðhallar og aðdraganda að byggingu hennar.

Hallgrímur Jóhannesson taldi að félagsmót yrðu meira lokuð en nú er.

Gunnar Egilson kom inn á mótahald og starfskrafta við þau. Taldi mótahald oft hvíla á herðum fárra manna en aðrir væru þiggjendur. Hann taldi útilokað að koma fyrir fleiri greinum á mótum.

Guðrún Fjeldsted sagði að þeir sem sæju um mót gætu helst ekki tekið þátt í því sjálfir. Hún taldi æskilegt að halda í gamlar reiðvenjur.

Bjarni Sigurðsson taldi, að við yrðum að taka þátt í því sem keppt væri í erlendis a.m.k. meðan við værum í F.E.I.F. Þá kom hann inn á reiðskólann og gat um drög að starfsskrá reiðskóla, sem hefur verið unnin og lögð fyrir stjórn L.H.

Kristján Guðmundsson þakkaði frummælendum og þeim, sem tekið hefðu þátt í umræðum. Hér hefði verið um nýbreytni í þingstörfum L.H. að ræða.

Kaffihlé.

Eftir kaffihlé hófust Umræður II: Hrossarækt, staða og stefna.

Stjórnandi: Sigurður Haraldsson.

Frummælendur: Þorkell Bjarnason, Steinþór Runólfsson, Skúli Kristjánsson og Haraldur Sveinsson.

Þorkell Bjarnason, hrossaræktarráðunautur taldi að stöðu ræktunarinnar ættu aðrir fremur að dæma en taldi stöðuna heldur góða. Stefnan er að rækta reiðhross, skapa fagran hest með góðum vilja og miklum hæfileikum búinn einkum með góða lund.

Þorkell ræddi um hrossaræktarsamböndin og taldi vænlegast fyrir ræktunina að samböndin væru sem öflugust en ræða mætti einnig annað form svo sem einkaframtak. Hann nefndi að töluvert fjármagn rynni til ræktunarstarfsins frá hinu opinbera. Nefndi hann ýmsar tölur. Til greina kemur að dómara í hrossarækt verði starfandi heima í héruðum. Einnig mætti breyta framkvæmd afkvæmadóma.

Þorkell ræddi útflutning á kynbótahrossum og taldi eins og hann hefur lengi gert að varlega ætti að fara í því efni og gera miklar kröfur.

Skúli Kristjánsson var annar á mælendaskrá. Taldi hann Búnaðarfélag Íslands og ráðunauta þess í hrossarækt hafa markað stefnuna í ræktuninni. Kynbótasýningar á lands- og fjórðungsmótum hafa hin síðari ár orðið mjög vinsæl atriði. Gera þarf athugun og bætur á reglum um járnningar og fótabúnað.

Því miður hafa skrif um kynbotadóma ekki öll verið við hæfi, þótt dómara séu ætíð umdeildir.

Steinþór Runólfsson var næstur á mælendaskrá. Taldi að á 35 árum í ræktunarstarfi hefði mikið áunnist. Uppfyllir hesturinn nú þær kröfur sem notandinn gerir til hans? Hesturinn er ferðahestur, barnahestur, púlshestur, sýningarhestur.

Hesturinn má ekki þróast út úr sínu umhverfi.

Haraldur Sveinsson ræddi sögu ræktunarstarfsins frá upphafi og taldi ræktunarmálin færast í rétta átt. Úrval stóðhesta hefur aukist en tískan hefur mikil áhrif og óæskilegt að aðeins fáir hestar séu notaðir, því þá hverfa margir álitlegir stóðhestar.

Gagnrýna þarf mun meira hryssurnar og temja þær og láta dæma. Skipuleggja þarf betur beitarmálin.

Þar lauk framsöguverindum og óskaði Sigurður Haraldsson eftir að fundarmenn tækju til máls um þessi mál. Varpaði Sigurður fram athugasemd um dómstigann. Ósamræmi væri oft milli einkunnagjafar fyrir hæfileika og byggingu. Hæfileikaeinkunn yfirleitt hærri.

Kári Arnórsson tók undir orð Sigurðar um dómana og kvað það staðreynd að hæfileikaeinkunnir lyftu hrossunum upp í 1. verðlaun.

Þorkell Bjarnason tók undir þetta en kvað erfiðara að útskýra hvers vegna þetta væri svona. Hesturinn hefur motast í gegnum aldirnar af óhlíðri veðráttu og misjafnri meðferð og bygging hans og hæfileikar motast af því. Upp úr þessu ætlum við að rækta gæðinga dagsins í dag. Kom hann nokkuð inn á aðstöðu erlendis og árangur sem náðst hefur þar.

Skúli Kristjánsson vildi ekki slá neinu föstu um það, hvort verið væri að vanrækja byggingarþáttinn. Hann kvað það til dæmis stundum koma fram að léleg bygging kæmi fram við blöndun.

Steinþór kvað þurfa að leggja meiri vinnu í dóma og vanda betur ræktun.

Haraldur Sveinsson kvað rétt vera, að ósamræmi væri milli byggingar og kosta.

Sigurður Haraldsson varpaði fram spurningu, er verið að útrýma töltaranum?

Sigurbjörn Björnsson vildi beina því til ræktunarmanna að t.d. í Englandi hefði ekki fengist framför í flýti á veðreiðum í 100 ár og væri því ekki að undra þótt hér væri hægt framför. Kom hann inn á aðferðir sem Þorvaldur Arnason hefði kynnt.

Ragnar Tómasson spurði um álit manna á tölteiknunn sem stundum sést á mótum. Spurði frummælendur hvort góður skeiðsprettur geti lyft hrossi upp í öðrum greinum.

Þrúðmar Sigurðsson minnti á framfarir í reiðmennsku að undanfögnu og snjöllustu reiðmennirnir gætu framkallað kosti í flestum hrossum. Kvað hann vaxtareinkenni hrossa ekki breytast á skömum.

Kári Arnórsson varpaði því fram hvort ekki væri ástæða til að setja lágmark í byggingareinkunn þ.e. hesturinn nái ekki 1. verðl. nema ákveðin byggingareinkunn sé fyrir hendi.

Þorkell kvað ekki hægt að láta góða reiðmenn gjalda færni sinnar í dómum. Engin hætta á að töltið sé á undanhaldi þó áhersla sé lögð á skeiðið.

Öllum frjálst að hefja stofnrækt og rækta þá eiginleika, sem menn óska. "Þið ráðið hrossaræktinni, ég er enginn alvaldur".

Haraldur Sv. taldi koma til greina að setja ákveðin mörk í byggingardómi, t.d. í einkunn fyrir fætur.

Ragnar Tómasson sagði að laga þyrfti ýmsa þætti kynbótadóma og nefndi dæmi.

Hallgrímur Jóhannesson spurði hvort framtíðarstefna í hrossarækt verði að 2 hryssur fái 1. verðlaun og 200 2. verðlaun?

Steinþór svaraði því til að enginn kvóti væri í 1. og 2. verðlaun og smátt og smátt þróaðist þetta í rétta átt.

Skúli Kristjánsson sagði það þýðingarmikið að hross væru vel þjálfuð og vel setin, einnig væri gott uppeldi mikilvægt fyrir byggingardóminn. Taldi hann ræktun klárhrossa hægja.

Sigurður Haraldsson varpaði fram spurningu um áhrif umhverfis-þáttinn.

Jónas Vigfússon talaði um dómsstigann og taldi hann þurfa að vera opnari og þannig að menn geti fylgst með. Gefa umsögn um hrossin á staðnum en ekki allt að ári síðar.

Sigurbjörn Björnsson kom inn á sæðingar á hryssum og möguleika á því sviði. Hann varpaði þessu til búnaðarmálastjóra og ráðunauta.

Kári Arnórsson talaði um umsagnir á kynbótadómum. Fólk liti fyrst á umsögn síðan á einkunnir. Taldi skapgerðareinkunnina skipta miklu máli.

Albert Jóhannsson taldi að flokkur gæðinga ætti að stækka við ræktun eða hvort hlutfall gæðinga væri óbreytanlegt. Hann kom inn á tækni við dómsstörf.

Ragnar Tómasson varpaði því fram, hvort æskilegt væri að setja hrossin í flokka en hætta talnaleik. Leggja beri meiri áherslu á lundarfarið og hreinleik gangtegunda. Taldi hann erfitt að búa til forrit fyrir tölvu í hrossadómum.

Haraldur Sveinsson kom inn á dómsorð og einkunnir og störf sem því fylgja. Þetta væri nánast ofætlun einum manni að komast yfir. Sæðingar hljóta að vera heldur til framfara í hrossarækt eins og öðrum búgreinum.

Steinþór Runólfsson kvað æskilegt að beita sæðingum í hrossaræktinni. Tæmning verður alltaf stórt atriði. Reiðhöll er einnig mjög þarft framtak, sem mikið byggist á. Einnig lagði hann mikla áherslu á ræktun góðs lundarfars í hrossum.

Skúli Kristjánsson kvaðst ekki í vafa um að sæðingar yrðu skoðaðar betur og kæmu í framtíðinni. Hann kom einnig inn á byggingardóma og mörk í þeim og gildi umsagnar. Taldi að áherslu ætti að leggja á vandaða viljapröfun.

Þorkell Bjarnason kvað reglur vera til um mörk í einkunnagjöf. T.d. ef einkunn er lægri en 7 í einhverri byggingareinkunn fær hryssa ekki verðlaun, fer ekki í ættbók. Taldi hann t.d. Náttfara hafa úrvals brokk. Hann vill gjarna fá góðan tíma og oft betri aðstæður við vinnu í dómsstörfum. Hann vill fá tækifæri til að kynna hrossunum fram á síðasta dag, einnig sé sjaldan tími til þess að semja umsögn á staðnum. Hann kveðst því semja umsagnir eftir á.

Hann sagðist vona að frekari rannsóknir yrðu í þá veru að meta samræmi milli byggingar og getu. Þorkell þakkaði síðan góðar og gagnlegar umræður.

Sigurður Haraldsson þakkaði þátttakendum í pallborðsumræðum og taldi þessa nýbreytni í þinghaldi hafa farið vel af stað.

Kári Arnórsson fundarstjóri kallaði þá nefndir til starfa og frestaði fundi til morguns.

Laugardagur 03. nóvember '84.

Þingstörf hófust um 9:30. Fundarstjóri Ólafur Pálsson.

Nefndir skiluðu álitum og umræður.

1. Gæðinga- og unglinganefnd. Þingskjal nr. 9.

Nefndin samþykkti með 8 atkv. gegn 5 að leggja til við þingið að fella tillögu á þingskjali nr. 9. Nefndin samþ. með 14 atkv. gegn 3 að leggja til við þingið að fella tillögu á þingskjali nr. 10.

Sigrún Sigurðardóttir, form. gæðinga- og unglinganefndar skilaði álitum nefndarinnar.

Jónas Vigfússon tók til máls og ræddi um þingskj. 9 og mælti með að þingið samþ. tillöguna.

Sigrún Sigurðardóttir taldi skýrt tekið fram hvenær unglingar ganga upp úr fl. Tillagan felld í nefnd vegna þess hve hún er óskýr varðandi eldri flokk.

Gunnar Egilsson kvað tillöguna senda inn til þess að gera þetta skýrara og mælir með samþ. tillögunnar.

Björn Arnaldsson kvað þurfa skýrari línur um unglingakeppni.

Stefán Pálsson kvað mikils misskilnings gæta um aldursmörk og flutti breytingartillögu þar að lútandi.

Tillagan samþ. svohljóðandi:

Keppni fer fram í 2 aldursflokkum. A yngri flokki. B eldri flokki.

Aldur keppenda miðast við almanaksárið, þannig að þeir elstu í yngri flokki eru þeir, sem verða 13 ára á keppnisárinu. Sama gildir um eldri flokk þ.e.a.s. þeir sem verða 16 ára á árinu.

Þingskjal nr. 10. Gunnar B. Gunnarsson sagði frá væntanlegri ráðst. F.E.I.F. þar sem aðildarfél. koma til að læra af okkur.

35. ársþing L.H. haldið í Hafnarf. 2.-3. nóvember 1984 samþykkir eftirfarandi breytingu á reglum um gæðingakeppni:

Líðir 1,2 og 3 í 17. gr. falli út, en í stað þess komi einn líður hljóði svo:

Efstu hestar skulu dæmdir öðru sinni eftir gildandi reglum um gæðingakeppni og ráða úrslit þessra dóma röð hesta í verðlaunasæti. Fellt.

Kynbótanefnd. Þrúðmar Sigurðsson.

Þingskjal nr. 15. Álit nefndarinnar.

1. 35 þing L.H. haldið í Hafnarf. 2.-3. nóv. 1984 átelur harðlega þau vinnubrögð ríkisvalds og hreppsnefnda sem viðhöfð hafa verið um einhliða bann á upprekstri hrossa á marga afrétti landsins. Þingið leggur til að komið verði á ítölu þannig að þeir bændur sem búa með hross hafi jafnan rétt til að nýta afrétti landsins á við aðra bændur. Þingið samþ. að stjórn L.H. láti kanna lagalega stöðu hrossabænda, hvað þetta

varðar og leita samráðs við stjórn H.H. um málið.

II. Greinargerð: Jafnframt vill nefndin vísa til ályktunar 34. ársþings L.H. um þessi mál.

Svohljóðandi tillaga samþ.

35. ársþing Landss.hestam. fél. haldið í Hafnarfirði átelur harðlega þau vinnubrögð ríkisvalds og hreppsnefnda sem viðhöfð hafa verið um einhliða bann á upprekstri hrossa á marga afrétti landsins. Heldur leggur þingið til að komið verði á ítölu þannig að þeir bændur, sem búa með hross hafi jafnan rétt til að nýta afrétti landsins á við aðra bændur.

Þingskjal nr. 19.

35. ársþ. L.H. samþ. eftirfarandi tillögu um:

Fjórðungssýningar.

Miklar umræður hafa farið fram um skipulag fjórðungsmóta undanfarið og hefur komið fram óánægja með að tvö fjórðungsmót skuli vera á sama árinu.

Sýningarnefndin leggur til að tekið verði upp breytt fyrirkomulag þannig að aðeins eitt fjórðungsmót verði á ári og gangi röðin sólarinnis eins og verið hefur. Landsmót verði fjórða hvert ár, og koma þá þrjú fjórðungsmót á milli landsmóta.

Þingið samþykkir að röð fjórðungsmóta verði þannig:

1987 Norðurland.

1988 Vesturland

1989 Austurland

Síðan gangi mótin sólarinnis eins og fram kemur í tillögu sýningarnefndar. Samþykkt.

Ályktun frá kynbótanefnd 35. ársþ. L.H. haldið í Hafnarfirði 2.-3. nóv. 1984 varar eindregið við því að lögbundin framlög til hrossa ræktar séu skert. Þingið bendir á að í hrossarækt eru margir möguleikar ónýttir svo sem ferðapjónusta o.fl. Hestamennska í þéttbýli er vaxandi tómstundagaman og auknir möguleikar í útflutningi hrossa.

Fjárhagsnefnd. Birgir Gunnarsson.

Þingskjal 1. 35. ársþ. L.H. 1984 samþykkir að gjald á hvern félaga til L.H. verði kr. 170 á árinu 1985.

Af þessu árgjaldi 170,- renni 34,- kr. til væntanlegrar reiðhallarbyggingar árið 1985. Samþykkt.

Þingskjal 2.

35. ársþ. L.H. samþykkir eftirfarandi till. vegna Reiðhalla.

Landsþingið samþykkir að L.H. verði aðili að reiðhallaþýggingu með 7% hlutafjárframlagi miðað við 10 milljóna hlutafé. Samþykkt.

Þingskjal nr. 8.

35. ársþing Landssambands hestamannafélaga samþykkir að félagar yngri en 16 ára greiði ekki skatt til sambandsins. (Fellt). Vísað frá.

Þingskjal nr. 4.

35. ársþing L.H. samþ. að fela stjórn L.H. að skipa nefnd til að endurskoða álagningu árstíllaga aðildarfélag, með tilliti til þess að félögin innheimta mun lægra-félagsgjald af unglingum og jafnvel námsfólki. Vísað frá.

Þingskjal nr. 5.

35. ársþ. L.H. haldið í Hafnarfirði 2.-3. nóv. 1984 samþykkir að fargjöld landsdómara á samþæfingarnámskeið, sem haldin skulu annað hvert ár samkvæmt reglugerð L.H. skuli gr. af L.H. Samþykkt.

Þingskjal nr. 3.

35. ársþing L.H. samþykkir eftirfarandi tillögu um fjárhagsáætlun

Tekjur:

Ávaxtjald félaga 7000 x 170.-	kr. 1.200.000.-
Útgáfa rita og mynda	50.000.-
Hestar útg. IV.	250.000.-
Vaxtatekjur	35.000.-
Aðrar tekjur	30.000.-
	<u>1.565.000.-</u>

Gjöld:

Laun og launategð gjöld	510.000.-
Húsaleiga og sristofukostn.	420.000.-
Þinghald og fundir	70.000.-
Akstur, ferðakostn. og erindr.	130.000.-
Námskeið og fræðsluh.	50.000.-
Landvernd og F.E.I.F.	15.000.-
Annar kostn.	90.000.-
Áfskriftir	25.000.-
Vaxtagjöld	20.000.-
	<u>1.330.000.-</u>
Hlutafjárframlag til Reiðhalla '85 (pr.félaga 34.-)	235.000.-
	<u>1.565.000.-</u>

Þá var flutt álit fræðslunefndar.

Gunnar B. Gunnarsson framsögumaður.

Jónas Vigfússon með breytingartillögu við þingskjal 13 um að útfalli kynbótadómar.

Breytingartillaga felld með 22:27.

Gunnar B. Gunnarsson tók til máls og sagði að kynbótahross hefðu verið flutt út og fræðsla hafi farið fram og leggur til að nefndarálitid verði samþykkt.

Tillaga á þingskjali 13 var samþykkt svohljóðandi: Ársþing L.H. haldið í Hafnarfirði dagana 2.-3. nóv. 1984, samþykkir að L.H. leiti eftir samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, H.H., F.I. og F.E.I.F um að boða til alþjóðlegrar dómararáðstefnu t.d. í sambandi við landsmót 1986.

Til ráðstefnunnar verði boðaðir fulltrúar (dómarar) frá öllum aðildarlöndum F.E.I.F.

Ráðstefnan fjalli um íþrótt- gæðinga og kynbótadóma.

Tilgangur:

Samþæfing, semja leiðbeiningar og viðmiðanir, stefnumörkun, menntun og prófdómara. Tillagan samþykkt með 36:21.

Þá var flutt eftirfarandi tillaga frá fræðslunefnd:

35. ársþing L.H. beinir því til stjórnar L.H. að hún beiti sér fyrir í samráði við F.I. stofnun Reiðkennarasambands.

Samþykkt samhljóða.

Þá var flutt álit Mótanefndar.

Hallgrímur Jóhannesson framsögumaður.

Umræður urðu um álitid. Þessir tóku til máls.

Jón Sigfússon flutti breytingartillögu um að fella niður fyrstu grein í tillögu á þingskjali 17. Þróðmar Sigurðsson tók til máls og sagði að gerð væri krafa til þess að reglur væru haldnar á mótum, svo nauðsynlegt væri að reglur væru til staðar á hverju móti.

Steinþór Runólfsson telur að ekki eigi að vera með skyldur um frávisun úr keppni, heldur heimild.

Gunnar Egilson tók til máls og sagðist styðja breytingartillögu Jóns Ó. Sigfússonar.

Ragnar Tómasson fann að orðalagi.

Þá var breytingartillaga Jóns Sigfússonar borin undir atkvæði og samþykkt með 38:34.

Þá var þingskjal no 17 tekið til afgreiðslu.

35. ársþing L.H.

2. gr. ræsir: Síðasta lína orðist svo:

Heimilt er ræsi að vísa hesti úr kappreiðum, ef hann hefur tafið hlaup eða starf frá ráslínu í allt að fimm mínútur. Felld.

3. gr. um breytingu á kappreiðareglum L.H. III. kafli 11. gr.

Heimilt er á mótum ef mótsstjórn og dómnefnd telja ástæðu til vegna framkvæmda á kappreiðum að taka fleiri en 1 riðil aftur fyrir ráslínu. Kynning knapa og hesta fyrir framan dómpall væri þá óþörf til að framkvæmd kappreiða gengi betur og hraðar fyrir sig.

Samþ. samhljóða.

Þá var tekið fyrir þingskjal 18.

35. ársþing samþykkti eftirfarandi tillögu: Að gert verði að ófrávíkjanlegri reglu, að ekki skuli haldin félagsmót hjá félögum þá daga sem auglýst fjórðungsmót eða landsmót eiga sér stað.

Samþ. samhljóða.

Þá var tekið fyrir þingskjal 20.

Til máls tóku Skúli Kristjánsson og Steinþór Runólfsson. Þingskjal 20 var borið upp og samþykkt.

35. ársþing L.H. samþykkir eftirfarandi tillögur um aganefndir og agareglur.

Aganefndir.

1. gr.

Á hestapingum skal keppni vera drengileg og skv. reglum. Keppendur skulu sýna hverjum öðrum háttvísi og tillitssemi. Brjóti keppandi í bága við þessar grundvallarreglur skal um það fjallað af aganefnd mótsins sem ákvarðar viðurlög. Reglur þessar taka til hverrar þeirrar keppni, sem fram fer á hestapingum skv. reglum L.H. og/eða íþróttaráðs L.H.

2. gr.

Skipun aganefndar.

Dómnefndir móta sitja í aganefnd. Yfirdómari getur þá ákveðið að aðeins 3 úr dómnefnd skipi aganefnd. Þar sem fleiri en ein dómnefnd starfa ræðst skipun aganefndar af því í hvaða grein brot er framið. Sé brot framið utan beinnar keppni eða álitamál er hvaða dómnefnd skuli

um fjalla, skulu allir dómarar mótsins fjalla um það og ákveða skipun aganefndar. Yfirdómari kallar nefndina saman og stjórnar störfum hennar og er ábyrgur fyrir skýrslugerð til skrifstofu L.H.

3. gr.

Viðurlög við agabrotum.

Sé um minni háttar agabrot að ræða getur yfirdómari einn gefið keppanda áminningu án þess að kalla til fundar. Til minni háttar agabrots má telja óstundvísi, tafir í keppni, grófar hvatningar o.s.frv. Skal þá yfirdómari ganga til keppanda eða kalla hann fyrir sig og skýra honum frá því fyrir hvað hann sé áminntur. Áminningar skulu gefnar af háttvísi. Um önnur agabrot fjallar aganefnd samkvæmt því sem áður segir. Viðurlög ákvarðar hún í stórum dráttum sem hér segir:

1. Með áminningu. Telji nefndin ekki að brotið sé það gróft að harðari niðurlögum beri að beita.

2. Brottvísun úr ákveðinni keppnisgrein. Telji nefndin brotið það alvarlegt að ekki sé rétt að keppandi haldi áfram keppni í þeirri grein sem brot var framið. Sem dæmi má nefna, að aganefndin telur keppanda vera undir greinilegum áhrifum áfengis. Er nóg að vínlykt finnist af keppanda þó ekki séu tók á að færa fullar sannanir fram að lögum fyrir ölvun.

Samþykkt samhljóða.

Matarhlé.

Í matarhléi flutti Matthías Á. Mathiesen ræðu.

Þá var flutt álit allsherjarnefndar.

Framsögumaður Þorvaldur Þorvaldsson.

Þingskjal 11. Umræður urðu. Til máls tók Sigurður Guðmundsson og kvaðst styðja tillöguna. Var hún borin upp og samþykkt svohljóðandi:

35. ársþing L.H. samþykkir eftirfarandi tillögu vegna reiðvegafjár.

1. 20-25% aðildarfélaga fái úthlutun á hverju ári (9-12 félög).

2. Miðað sé við allt að fjögurra ára tímabil í úthlutun eftir eðli og umfangi viðfangsefna.

3. Umsóknum fylgi greinargóðar lýsingar á verkefnum, kort og kostnaðaráætlanir, og lýsing á eigin framlagi félagsins í vinnu og peningum.

4. Sérstakri 3ja manna nefnd á vegum stjórnar L.H. verði formlega falið að yfirfara umsókn og gera tillögur til stjórnar L.H. um úthlutun. Enda starfaði hún í samráði við samstarfsnefndir um reiðvegagerð á hverjum stað.

Samþ. samhljóða.

Þá kom fram tillaga frá Allsherjarnefnd í stað þingskjals 12, svohljóðandi:

35. ársþing L.H. 1984 leggur ríka áherzlu á að framkvæmt sé til hins ýtrasta samkomulag Vegagerðar ríkisins og L.H. um sem greiðastar og öruggastar reiðleiðir meðfram akvegum landsins. Sérstaklega vill þingið leggja áherzlu á þörf þess að ræsi séu jafnbreið reiðleið og hlið við pípuræsi séu sem bezt til umferðar. Samþykkt.

Þingskjal 14.

35. ársþing L.H. haldið í Hafnarfirði 2. og 3. nóvember 1984 beinir því til stjórnar L.H. að hún gangi þannig frá málum við F.I. að það sé ábyrgt fyrir hvers konar sannanlegum vanefndum reiðkennara F.I. við aðildarfélög L.H.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga kom frá Allsherjarnefnd í stað tillögu á þingskj. 16, sem dregin var til baka.

Andreas Bergmann tók til máls og las upp samþykkt frá 33. þingi L.H. um beitaraskatt. Taldi hann að skatturinn hefði ekki verið nýttur sem skyldi. Nefndi hann dæmi um staði sem koma mætti upp hólfum fyrir ferðamenn.

Jónas Vigfússon sagði all marga hafa sent inn umsóknir, en ekki sótt féð.

Stefán Pálsson sagði að raunverulega væri búið að úthluta fénu.

Tillagan var samþykkt svohljóðandi:

35. ársþing L.H. beinir því til aðildarfélaga sambandsins, hvers á sínu félagssvæði að hafa forgöngu um útvegum beitar og vörzluhólfa fyrir hestamenn, sem ferðst um landið.

Bendir þingið á að í flestum tilfellum er hægt að semja við landeigiendur um þessa fyrirgreiðslu. Samþ.

Þá kom fram tillaga frá Allsherjarnefnd um stóðhestastöð ríkisins.

Þorkell Bjarnason kvað það góðan liðsstyrk að fá tillögu um þetta efni. Ennfremur sagði hann að þótt farið yrði út í sæðingar yrði húsa-kostur að vera góður.

Tillagan var borin upp svohljóðandi.

Ársþing L.H. haldið í Hafnarfirði 2. og 3. nóv. 1984 skurur á fjárveitinganefnd Alþingis að veita fjármagni til nýbyggingar hesthúss fyrir stóðhestastöð ríkisins í Gunnarsholti svo framkvæmdir geti hafist strax á næsta ári. Samþykkt samhljóða.

Að þessu loknu kom fram tillaga frá stjórn L.H.

Stjórn L.H. er falið að leggja fram til samþykktar endurskoðaðar reglur um þingsköp L.H. fyrir Ársþing L.H. 1985. Samþ. samhljóða.

Eftirfarandi tillaga kom fram:

35. ársþing L.H. lýsir þeirri skoðun sinni, að þegar í stað beri að setja reglur um fyrirkomulag á útlutningi hestasæðis. Er í því sambandi vakin athygli á þeirri ójöfnu aðstöðu, sem íslensk hrossarækt hefur, þegar sæðingar hrossa fara að tíðkast, því útilokað er að um gagnkvæma nytsemi yrði að ræða fyrir íslenska og erlenda ræktendur. Flutningsmenn Sigurbjörn Björnsson og Ragnar Tómasson

Ragnar Tómasson tók til máls og kvað nauðsynlegt að þingið ályktaði um sæðingar.

Þrúðmar Sigurðsson tók til máls og kvað það ekkert tiltökumál að flytja út sæði, ef svo bæri undir.

Þorkell Bjarnason taldi að taka yrði þetta tímanlega til umfjöllunar. Sigurbjörn Björnsson kvaðst vilja þakka þessa umræðu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þá var gegnið til kosninga. Úr stjórn áttu að ganga Stefán Pálsson, formaður og Skúli Kristjánsson, meðstjórnandi.

Þá tók Stefán Pálsson til máls og kvaðst gefa kost á sér til endurkjörs.

Kosningar.

Stefán Pálsson endurkjörinn formaður L.H. með 96 atkvæðum.

Skúli Kristjánsson endurkjörinn meðstjórnandi með 95 atkvæðum.

Í varastjórn voru kosnir:

Gunnar Egilson með 60 atkv.

Guðmundur Jónsson með 58 atkv.

Sigurbjörn Björnsson með 57 atkv.

Gunnar Gunnarsson með 54 atkv.

Kári Arnórsson með 43 atkv.

Endurskoðendur:

Þorvaldur Þorvaldsson

Haraldur Sveinsson

til vara:

Pjetur Pjetursson

Einar Bollason

Samþ.með lófataki.

Þá tók Stefán Pálsson til máls, þakkaði þingfulltrúum góða þingsetu.
Komið hafði boð frá létti á Akureyri um næsta þing. Sleit hann síðan
þinginu kl. 15:45.

Guðm. Jónsson, form.

Elisabet Þóra Þórólfsdóttir

Eggert Pálsson